

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 563/1993, um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af neyslufiski.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Endurgreiðsla vegna neyslufisks, sbr. 2. gr., skal vera eftirfarandi hlutfall af verði hans til fiskverslana, sbr. 1. mgr. 3. gr.:

- a. 10,97% vegna sölutímabilsins janúar-maí 1994.
- b. 5,49 % vegna sölutímabilsins júní-ágúst 1994.
- c. 2,74% vegna sölutímabilsins september-nóvember 1994.

2. gr.

Í stað orðanna „öðlast gildi 1. janúar 1994 og gildir til 31. maí 1994“ í 9. gr. kemur: gildir fyrir tímabilið 1. janúar 1994 til 30. nóvember 1994.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. maí 1994.*

F. h. r.

**Jón H. Steingrímsson.**

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*